

## Reikningsskilaráð

---

Egill Helgason  
Löggiltur endurskoðandi  
Endurskoðun Skattur og bókhald ehf.  
Höfðabakki 9B, 2.hæð  
110 Reykjavík

Efni: Ársreikningar stjórnmalasamtaka og innlausn tekna

Hinn 22. október 2021 kveður reikningsskilaráð upp svohljóðandi álit í máli 1/2021 en erindið barst ráðinu 24. júní 2021.

Í erindinu kemur fram að álitsbeiðandi sé kjörinn endurskoðandi stjórnmalasamtaka og að erindið sé sent fyrir þeirra hönd. Í erindinu er vísað til 8. gr. laga nr. 162/2006, um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, en samkvæmt henni skulu stjórnmalasamtök við gerð ársreikninga fara að efnisreglum laga um ársreikninga eins og við á og skila ríkisendurskoðanda reikningum sínum, sbr. 9. gr. sömu laga. Þá segir í lokamálslið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 162/2006 að ríkisendurskoðandi gefi út frekari leiðbeiningar um reikningsskil stjórnmalasamtaka. Þann 23. febrúar 2021 gaf ríkisendurskoðun út leiðbeiningar um reikningshald stjórnmalasamtaka og skil þeirra á upplýsingum til ríkisendurskoðunar, en samkvæmt 13. gr. þeirra skulu stjórnmalasamtök tekjufæra framlög frá ríkissjóði á því reikningsári sem þau eru greidd samkvæmt fjárlögum.

Í erindinu kemur fram að umrædd stjórnmalasamtök hafi litið svo á að í samræmi við lög nr. 162/2006 beri þeim fyrst og fremst að fara eftir lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og hafa leiðbeiningar ríkisendurskoðunar til frekari hliðsjónar. Þar segir jafnframt að samtökin hafi átt í bréfaskriftum við ríkisendurskoðun sem sé ekki sammála stjórnmalasamtökunum um hvernig túlka beri ákvæði laga nr. 162/2006 varðandi hvaða reglum skuli beita við gerð reikningsskila stjórnmalasamtaka.

Þess er farið á leit við reikningsskilaráð að það skeri úr um það í hvaða röð framangreind lög og reglur eigi að gilda og þá hvort stjórnmalasamtökum sé heimilt að innleysa tekjur sínar eftir því sem þær teljast áunnar, sbr. ákvæði laga nr. 3/2006, eða hvort þeim beri að innleysa tekjur sínar í samræmi við 13. gr. leiðbeininga ríkisendurskoðunar um reikningsskil stjórnmalaflokka.

---

Óskað er eftir því að reikningsskilaráð taki afstöðu til þess hvor réttarheimildin sé réttþærri, þ.e. lög um ársreikninga nr. 3/2006 eða leiðbeiningar ríkisendurskoðunar um reikningsskil stjórnmalasamtaka frá 23. febrúar 2021.

## Reikningsskilaráð

---

Reikningsskilaráð starfar á grundvelli 11. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga og skal stuðla að mótun settra reikningsskilareglna með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Jafnframt skal ráðið gefa álit á því hvað teljast settar reikningsskilareglur á hverjum tíma.

Með vísan til framangreinds telur reikningsskilaráð að það falli utan hlutverks ráðsins að túlka og taka afstöðu til rétt hæðar réttarheimilda.

### Niðurstaða:

Beiðni um afstöðu reikningsskilaráðs til rétt hæðar réttarheimilda er vísað frá.